**Ed.** **395. Breytingartillögur** [145. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1986—1987.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. 1. gr. orðist svo:
   Fyrir 1. desember ár hvert skal Alþingi ákveða hámarksafla eftirtalinna fiskistofna: þorsks, ýsu, ufsa, karfa, grálúðu, skarkola, síldar, loðnu, humars, hörpudisks og rækju.
2. 2. gr. orðist svo:
   Ráðherra skal skipta aflamagni hvers stofns jafnt á alla landsmenn og úthluta hverjum sínum hluta af aflamagninu með bréfi fyrir 15. janúar næsta árs.
3. 3. gr. orðist svo:
   Einstaklingum er heimilt að ráðstafa sínum úthlutunarbréfum að eigin vild.
4. 4. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
5. 5.—20. gr. ásamt ákvæði til bráðabirgða falla brott.